

Barnaverndarstofa getur samkvæmt ábendingum barnaverndarnefndar, eða að eigin frumkvæði, svipt heimili eða stofnun rétti til áframhaldandi rekstrar ef meðferð barns er óhæfileg, eða rekstri heimilis eða stofnunar er ábótavant, og sá frestur sem stofan hefur veitt til úrbóta er liðinn án þess að bætt hafi verið úr því sem áfátt er.

16. gr.

1. málsl. 56. gr. laganna orðast svo: Barnaverndarnefnd skal eftir því sem hún telur ástæðu til hafa eftirlit með leiksýningum hvers konar og opinberum sýningum eða skemmtunum ætluðum ungmennum.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Rannveig Guðmundsdóttir.

Nr. 23

3. mars 1995

LÖG

um breyting á barnalögum, nr. 20 22. maí 1992.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 3. mgr. 37. gr. laganna bætist nýr málslíður, svofelldur: Ef sérstaklega stendur á getur sýslumaður að ósk foreldris, sem ekki hefur forsjá barns, mælt fyrir um rétt þess til að hafa bréfa- og símasamband og hliðstætt samband við barnið.

2. gr.

Við 39. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., svofelld:

Nú fara foreldrar sameiginlega með forsjá barns og er öðru foreldri þá óheimilt að fara með barnið úr landi án samþykkis hins.

3. gr.

Á eftir 40. gr. laganna kemur ný grein, 40. gr. A, svofelld:

J. Réttur til upplýsinga um barn.

40. gr. A.

Það foreldri, sem ekki hefur forsjá barns, á rétt á að fá frá hinu upplýsingar um hagi barns, þar á meðal varðandi heilsufar þess, þroska, dvöl á barnaheimili, skólagöngu, áhugamál og félagsleg tengsl.

Það foreldri, sem ekki hefur forsjá barns, á rétt á að fá upplýsingar um barnið frá barnaheimilum, skólum, sjúkrahúsum, heilsugæslu- og félagsmálastofnunum, félagsmála-

nefndum, barnaverndarnefndum og lögreglu. Réttur samkvæmt þessari málsgrein felur ekki í sér heimild til að fá upplýsingar um hagi forsjárforeldris.

Stofnunum og stjórnvöldum, sem nefnd eru í 2. mgr., er þó heimilt að synja um upplýsingar ef hagsmunir foreldris af því að notfæra sér þær þykja eiga að víkja fyrir mun ríkari almanna- eða einkahagsmunum, þar á meðal ef telja verður að upplýsingar séu skaðlegar fyrir barn.

Skjóta má synjun um upplýsingar um barn skv. 3. mgr. til sýslumanns innan tveggja mánaða frá því að foreldri var tilkynnt um ákvörðunina. Ákvörðun sýslumanns samkvæmt þessari málsgrein verður ekki kærð til dómsmálaráðuneytis.

Þegar sérstaklega stendur á getur sýslumaður ákveðið að ósk forsjárforeldris að svipta hitt foreldrið heimild til að fá upplýsingar skv. 2. mgr. Um kæru slíkrar ákvörðunar sýslumanns fer skv. 74. gr. þessara laga.

4. gr.

Við 52. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:

Dómsmálaráðuneytið getur heimilað að mál verði höfðað eftir lok fresta þeirra er greinir í 2. mgr. ef alveg sérstaklega stendur á. Á þetta einnig við þótt frestir til höfðunar vefengingarmáls eða til höfðunar máls til ógildingar á faðernisviðurkenningu hafi verið liðnir þegar lög þessi tóku gildi.

5. gr.

3. mgr. 53. gr. laganna verður svofelld:

2. og 3. mgr. 52. gr. eiga við um mál samkvæmt þessari grein að breyttu breytanda.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 3. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

3. mars 1995

Nr. 24

LÖG

**um breyting á lögum um málflytjendur,
nr. 61 4. júlí 1942, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Stjórn Lögmannafélags Íslands skal tilkynna dómsmálaráðherra ef félagsmaður missir eitthvert hinna almennu skilyrða til að fá leyfi til málflutnings. Skal ráðherra afturkalla málflutningsleyfið meðan svo er ástatt.

Dómsmálaráðherra er heimilt að afturkalla málflutningsleyfi um stundarsakir eða ótímabundið eftir því hversu miklar sakir eru ef stjórn Lögmannafélags Íslands leggur til að fé-